

HAFNIR SNÆFELLSBÆJAR
... þar sem Jökullinn ber við loft...



Ólafsvík 13.02. 2020.

Alþingi,
b.t. umhverfis og samgöngunefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Tillaga að samgönguáætlun tímabilið 2020 – 2024.

Við gerð samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2020 – 2024, óskaði Hafnarstjórn Snæfellsbæjar eftir því við Vegagerðina að Norðurbakki í Ólafsvík yrði endurbyggður árið 2023. Um er að ræða steypa kerjabryggju sem var byggð árin 1959 – 1968. Bryggjan er í mjög slæmu ástandi, eins og fram kemur í meðfylgjandi minnisblaði frá Vegagerðinni dags. 11.02. 2020.

Í tillögu að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020 – 2024, sem nú liggur fyrir Alþingi er ekki gert ráð fyrir þessari framkvæmd. Hafnaryfirvöld í Snæfellsbæ óska hér með eftir því að breyting verði gerð á samgönguáætluninni, þannig að hægt verði að endurbyggja Norðurbakka í Ólafsvíkurhöfn árið 2023 og fjárveiting til þeirrar framkvæmdar verði tryggð.

Áætlaður kostnaður er kr. 130.0 m.

Meðfylgjandi: Minnisblað frá Vegagerðinni dags. 11.02. 2020.

Virðingarfyllst,
f.h. Hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.


Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Norðurtangi 5 • 355 Ólafsvík – Snæfellsbæ
kennitala 701294-2709 • sími 433-6922 • fax 436-1676
bjorn@snb.is • www.snb.is



Minnisblað – Ólafsvík, kerjabryggja.

Til: Hafnarstjórn Snæfellsbæjar, Björn Arnaldsson hafnarstjóri

Frá: Vegagerðin, Pétur Sveinbjörnsson Verkfræðingur

Dags: 11. febrúar 2020

Varðar: Ólafsvík, endurnýjun á kerjabryggju

Inngangur:

Endurbýggja þarf steipt ker og þekju á fremri hluta Norðurbakka í Ólafsvíkurhöfn. Þarna er um að ræða þrjú ker sem eru um 55,0 m. að lengd samtals og sett voru niður árin 1959 og 1968. Öll kerin eru farin að láta á sjá og komnar verulegar steypuskemmdir og sprungur í þau m.a. varð steipt þekja á einu kerinu ónýt fyrir nokkrum árum síðan og var gert við hana til bráðabyrgða. Meðfylgjandi mynd sýnir ástandið á sambærilegum bryggjukanti á Arnarstapa, ástandið í Ólafsvík er svipað. Steypa morkin og sprungur eru orðnar djúpar sem veldur tæringu í bindijárnum. Ástand mannvirkisins mun halda áfram að hraka á næstu árum og burður þess fara minnkandi. Hætta er á að bryggjupollar gefi sig þegar stór skip leggjast að bryggjunni, en öll stærstu skip sem koma til Ólafsvíkur leggjast að þessari bryggju. Mannvirkið er komið á tíma og brýn þörf er á því að það verði endurnýjað á næstu árum, t.d. með stálþili utan við.

Áætlaður kostnaður er kr. 130.0 m.


Gerð mannvirkis:

Fremstu 25 metrarnir eru byggðir árin 1967-68 og samanstanda af tveimur kerjum, breidd kerjanna er 15 m. Hvoru kerin um sig er skipt upp í 8 hólf með jarnbundnum útveggjum og milliveggjum frá kóta - 7,5 upp í kóta +3,7 samkvæmt teikningum. Þykkt útveggja er 40 cm. og þykkt milliveggja 20 cm. Kerin eru grjótfyllt samkvæmt teikningum. Efsti hlutinn frá kóta +3,7 upp í +5,8 er með 80 cm. þykkum útveggjum og aukinni þykkt í hornum.


Eldra kerin frá árinu 1958 er þar fyrir innan 12 m. á lengd og breidd, hólfaskipt með 9 hólfum. Þykkt útveggja á þeim hluta er 30 cm. og milliveggja 15 cm.



Mynd 1: Mynd af sambærilegri kerjabryggju á Arnarstapa



Mynd 1: Ker fremri hluti, teikning dags. í janúar 1967



Mynd 2: Ker eldri hluti, teikning dags. í janúar 1958